

REGLUGERÐ

um eftirlit og framleiðslu á lagmeti til útflutnings.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Lagmeti. Matvæli sem sett eru í loftþéttar umbúðir (úr málmí, gleri, plasti eða öðrum efnum), í þessari reglugerð aðeins matvæli unnin úr sjávarafurðum. Lagmeti er annað hvort niðurlagt eða niðursoðið.

Niðurlagt lagmeti. Lagmeti sem rotvarið er með salti, sykri eða öðrum rotvarnarefnum, reykingu eða gerilsneyðingu með hita eða geislun og loftþéttar umbúðir eru nauðsynlegur þáttur í rotvörninni.

Niðursoðið lagmeti. Lagmeti sem hefur verið gerileytt með hitun í þrýstisjóðara. Með gerileyðingu er hér átt við: Eyðingu allra sjúkdómsvaldandi örvera svo og eyðingu allra þeirra örvera sem geta vaxið í matvælum og skemmt þau við venjuleg geymsluskilyrði.

Viðbótarefni. (Aukaefni). Hvers konar efni sem sett eru í lagmeti til þess að bæta útlit þess, bragð, gerð eða næringargildi, auðvelda vinnslu eða auka geymsluþol.

Þrýstisuða. Hitun í vatni eða gufu í lokuðu rými við hitastig hærra en 100°C og samsvarandi þrýsting.

Þrýstisjóðari. Málmhylki, gert til þess að þrýstisjóða lagmeti annað hvort í vatni eða gufu við nauðsynlegan þrýsting.

Yfirþrýstingur. Sá þrýstingur sem hafður er í þrýstisjóðara fram yfir þann eðlilega þrýsting er samsvarandi hitastigi mettaðrar vatnsgufu.

Grunnumbúðir. Umbúðir án límmita eða öskju.

Heildsöluumbúðir. Varan eins og henni er pakkað fyrir heildsölumarkað.

Smásöluumbúðir. Varan eins og henni er pakkað fyrir neytendamarkað.

II. KAFLI

Lagmetisverksmiðjur.

2. gr.

Um hús og búnað lagmetisverksmiðja gilda eftir því sem við á sömu ákvæði og um hraðfrystihús, sömuleiðis um vatn það er verksmiðjurnar nota og um hreinlæti, klæðnað, aðbúnað og heilbrigði starfsfólks. Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsfólks á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim.

3. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu hafa sérstakar geymslur fyrir hráefni og fullunna vöru og kæliklefa með 0—6° hita á Celcius, sé um niðurlagt lagmeti að ræða.

4. gr.

Þrýstisjóðarar skulu gerðir fyrir yfirþrýsting og vera tengdir sjálfrita fyrir hitastig, þrýsting og tímalengd suðu.

5. gr.

Í hverri lagmetisverksmiðju skal vera framleiðslustjóri sem hefur lokið námi í lagmetisfræðum. Tilskilið námsefni skal fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi þætti: Hráefnismat, umbúðafræði, hitameðhöndlun, rotvarnarefnafræði og gæðaeftirlit svo og lög, reglugerðir og fyrirmæli sem að lagmetisiðnaði snúa. Fiskvinnsluskólinn veitir fræðslu í

Þessum efnum eftir þörfum hverju sinni og útskrifar framleiðslustjóra. Skólastjórn Fiskvinnsluskólans úrskurðar hvort þeir sem hlotið hafa menntun í þessari grein í öðrum skólum uppfylli sett skilyrði og gefur út hæfnisskírteini. Framleiðslustjóra ber að sjá um að reglugerðum og fyrirmælum stjórnvalda sé framfylgt. Sannist þær misfellur á störfum framleiðslustjóra, að álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, geta viðkomandi eftirlitsstofnanir hafnað honum til þessa starfs.

6. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu hafa vinnsluleyfi frá Ríkismati sjávarafurða til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum til framleiðslu. Sótt skal um endurnýjun vinnsluleyfa fyrir 1. október hvert ár, en auk þess í hvert sinn sem gerðar eru breytingar eða viðbætur á húsum eða búnaði verksmiðjanna. Ríkismat sjávarafurða gerir verksmiðjum, með hæfilegum fyrirvara, skriflega grein fyrir þeim skilyrðum sem þær þurfa að uppfylla til að fá endurnýjað vinnsluleyfi.

III. KAFLI

Framleiðsla lagmetis.

7. gr.

Um tegund og magn viðbótarefna í lagmeti, gæði umbúða og frávik frá uppgefnu magni innihalds, skal farið eftir þeim reglum sem gilda á hlutaðeigandi markaði. Gæðaákvæði sölusamninga skulu liggja fyrir skjalfest hjá eftirlitsaðila áður en útflutningsvottorð eru gefin út.

8. gr.

Merking umbúðanna skal hverju sinni vera í samræmi við kröfur viðkomandi viðskiptalands, en lágmarkskröfur eru þessar: Á grunnumbúðir skal letra merki (kóda) sem tilgreinir framleiðanda, ár og framleiðsludag. Merkið skal tilkynnt Ríkismati sjávarafurða og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ef um niðurlagt lagmeti er að ræða, skal á heildsöluumbúðum og smásöluumbúðum standa með skýrum stöfum að varan skuli geymd í kæli. Heimilt er að gefa út útflutningsvottorð vegna tilraunasendinga þótt lágmarksmerkingum sé ábótavant. Um lagmeti sem framleitt er til útflutnings en er selt á innlendum markaði gilda ákvæði reglugerðar nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

IV. KAFLI.

Eftirlit.

9. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með hráefni, hreinlæti og búnaði í lagmetisverksmiðjum á Íslandi samkvæmt nánari reglum settum af þeirri stofnun. Framleiðandi lagmetis skal tilkynna Ríkismati sjávarafurða með hæfilegum fyrirvara áður en hann tekur við hráefni til vinnslu og áður en vinnsla hefst.

10. gr.

Framleiðslustjórar skulu sjá um að fylgst sé á reglubundinn hátt með framleiðslunni, gæðum og flokkun hráefnis, umbúðum, umbúðalokun, merkingum, þyngd og suðu eða hitun. Einnig skal fylgst með magni viðbótarefna og öðrum mikilvægum eiginleikum vörunnar. Daglega skal fylgst á skipulegan hátt með gæðum fullunninnar vöru. Þessar athuganir skulu gerðar samkvæmt nánari leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

11. gr.

Reglulega skal fylgst með því að mælar þrýstisjóðara og gerilsneyðingartækja starfi rétt. Eigi sjaldnar en einu sinni á ári fyrir útgáfu vinnsluleyfa skulu verksmiðjurnar láta viðurkenndan aðila yfirfara þessi tæki og votta að þau starfi eðlilega. Línurit um hitastig og tímalengd hvernar suðu skulu greinilega merkt og þau geymd í að minnsta kosti 5 ár eftir að varan er seld. Fyrir hverja vörutegund og umbúðastærð skulu liggja fyrir lágmarks suðugildi, Fo-gildi. Í verksmiðjunni skulu geymslupolsprófanir framkvæmdar við 37°C í að minnsta kosti 7 daga á öllu niðursoðnu lagmeti, minnst tvær einingar úr hverri suðu. Verði vart einhverra breytinga á vörunni við geymslupolsprófun, bólgu, leka eða þess háttar, ber að tilkynna það tafarlaust til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

12. gr.

Framleiðslustjóri skráir niðurstöður sínar í framleiðsluskýrslu og löggilta dagbók verksmiðjunnar. Einnig skal hann halda nákvæmar skrár yfir þau efni sem notuð eru við framleiðsluna: Hráefni, umbúðir og hjálparefni. Skrá þessi skal sýna innkaupadag, magn og framleiðanda. Í geymslum verksmiðjunnar skal hráefni, umbúðum, hjálparefnum og fullunninni vöru staflað þannig að auðvelt sé að finna hverja sendingu og framleiðsludaga. Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða skrá athugasemdir sínar í dagbók verksmiðjunnar ásamt nafni sínu í hvert sinn sem þeir koma þar til eftirlits.

V. KAFLI.

Útflutningsmat.

13. gr.

Útgáfu útflutningsvottorða: Útflutningsvottorð skulu gefin út af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða eftirlitsaðila sem hún viðurkennir. Sjávarútvegsráðuneytið staðfestir viðurkenningu á eftirlitsaðila og veitir leyfi til útgáfu útflutningsvottorða með auglýsingu að fenginni umsögn fiskmatsráðs.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út lágmarkskröfur um sýnatökur.

Komi fram við rannsókn gallar sem bendi til efnislegra skemmda í vörunni og/eða hráefni eða heilnæmi sé ábótavant, skal taka stærra sýni, (að minnsta kosti 300 einingar), af sendingunni. Skal miðað við að þessir gallar séu útilokaðir í 99% vörunnar með 95% vissu. Takist ekki að endurflokka vöruna þannig að hún standist ofangreind skilyrði, ber framleiðanda að eyðileggja hana á sannanlegan hátt og skal Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða eftirlitsaðila send gögn um eyðilegginguna innan þeirra tímamarka sem honum eru sett.

14. gr.

Fyrir útflutning á lagmeti skulu eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir: Vörutegund (erlend heiti). Magn vöru: Kassafjöldi, einingar í kassa, nettóþyngd einingar. Framleiðandi vörunnar, ár og framleiðsludagar, fjöldi kassa af hverjum framleiðsludegi og framleiðslukódi hvers dags. Merki vörusendingarinnar. Kaupandi vörunnar og viðtökuland. Útskipunarhöfn, útskipunardagur og flutningsskip. Útflytjandi vörunnar. Gæðaákvæði sölusamnings.

15. gr.

Lagmeti sem flutt er út frá Íslandi skal fylgja vottorð frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða viðurkenndum eftirlitsaðila. Útflutningsvottorð skilgreinir gæði vörunnar með tilliti til eftirfarandi: Að hún fullnægi lögum viðskiptalands, að samræmi sé milli umbúðamerkinga og innihalds og að samningsbundnum kröfum kaupenda sé fylgt. Í þessu sambandi aflar Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins upplýsinga um þær reglur sem gilda í

hinum ýmsu löndum og miðlar þeim upplýsingum til framleiðenda. Í sérstökum tilvikum getur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins einnig sett ákvæði um efna- og gerlainnihald lagmetis. Allar athugasemdir sem gerðar kunna að vera á útflutningsvottorði, skal tilkynna verksmiðju og útflytjanda svo fljótt sem auðið er. Útflytjendum lagmetis er skylt að tilkynna hlutaðeigandi verksmiðju, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Ríkismati sjávarafurða um allar kvartanir sem frá kaupendum kunna að berast og varða gæðaeftirlit.

VI. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Kostnað af eftirliti Ríkismats sjávarafurða með lagmetisverksmiðjum og af sýnatökum hjá þeim, svo og af kostnaði af rannsóknum sýna hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, greiða framleiðendur lagmetis samkvæmt gjaldskrá settri af sjávarútvegsráðuneytinu.

17. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar rísi ágreiningur um skilning á reglugerð þessari.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða og lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 236 17. apríl 1980, um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Af fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Umferð um **Hraunbrún** nýtur forgangs fyrir umferð um allar hliðargötur, sem að götunni liggja (biðskylda).
2. Umferð um **Helluhraun** nýtur forgangs fyrir umferð um allar hliðargötur, sem að þeirri götu liggja.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. mars 1985.

Lögreglustjórnin í Hafnarfirði, 11. mars 1985.

Einar Ingimundarson.